

PÓSTMANNABLAÐIÐ



Auglýsingin frá Póstmeistararum í Reykjavík hratt af stað ófyrirséðri atburðarás.

Þær lögðu undir sig PFÍ!

Í afmælisblaði er m.a. sagt frá tildrögum þess að konur voru ráðnar til bréfberastarfa, stofnun Póstfreyjufélagsins árið 1967 og baráttu þeirra fyrir aðild að Póstmannafélaginu sem lauk með fullum sigri árið 1974

Póstmannablaðið að þessu sinni er að nokkru leyti helgað 85 ára afmæli félagsins. Einkum er sjónum beint að hlut kvenna í vexti og viðgangi PFÍ en baráttu kvenna í hlutastörfum fyrir því að fá fulla aðild að félaginu var bæði löng og ströng. Má segja að fræg auglýsing frá Póstmeistararum í Reykjavík árið 1963 hafi hrundið af stað atburðarrás sem leiddi til yfirtöku kvenna á þessu félagi sem lengst af hafði verið vígi karlanna!

Þegar „innrás“ kvenna í Póstmannafélagið hófst árið 1963 voru örfáar konur í þessu merka félagi enda kváðu lög félagsins svo á um að enginn gat orðið félagsmaður nema vera í fullu starfi í pósthjónustunni. Eftir auglýsingu Póstmeistarans réð hins vegar fjöldi kvenna sig í hlutastörf við að bera út póst og þessi lagaákvæði meinuðu

þeim þar með að gerast fullgildir félagsmenn. Þessu undu stéttvísar konur illa og brugðu þær því á það ráð að stofna sitt eigið félag, Póstfreyjufélagið, sem barðist fyrir ýmsum réttindum þeirra. Knúðu þær fast á um inngöngu í PFÍ en karlarnir sátu fyrir á fleti og sáu á því ýmsa annmarka. Það var svo ekki fyrir en árið 1974 sem lögum PFÍ var breytt og konurnar fengu inngöngu. Hanna Lárusdóttir var formaður pósthreyja á þeim tíma. „Við höfðum þegar fengið öll réttindi sem opinberir starfsmenn en inngangan í Póstmannafélagið var viðurkenning á baráttu okkar fyrir því að kvenkyns bréfberar ættu samleið með öðrum póstmönnum,“ segir hún.

Sjá bls 12

MEÐAL EFNIS:

Minumst brautryðjendanna
Puríður Einarisdóttir formaður PFÍ skrifar leiðara blaðsins og er að vanda komið víða við. Meðal annars lítur formaðurinn um öxl og minnst brautryðjendanna.

Sjá bls 2

Ánægjulegur tími

Í blaðinu er viðtal við Leu Þórarinsdóttur, fyrrum formann Póstmannafélagsins en hún gegndi þeirri stöðu á árunum 1988-1994.

Sjá bls 4

Eiga félögin framtíð?

Jón Ingi Caesarsson skrifar ítarlega grein um stéttarfélög á tímamótum og spyr m.a. hvort PFÍ eigi sér áfram tilveru.

Sjá bls 6

Leitin að týndu flugvélinni

Skúli Árnason á Akureyri skrifar um lífið utan vinnu.

Sjá bls 8

Hluti af gangverkinu

Í afmælisblaði Póstmannablaðsins er viðtal við Puríði Einarisdóttur formann og segir hún okkur frá 10 ára starfsferli í þágu íslenskra póstmanna.

Sjá bls 10

Krossgáta Póstmannablaðsins

Þessi vinsæli efnisþáttur er auðvitað á sínum stað og eins og endranær leggur Dolly Nielsen úr Kópavogi okkur til efnið.

Sjá bls 16

Þáskamatseðillinn!

Í tilefni föstunnar sendir Elínbjörg Kristjánsdóttir lesendum gjarnilegan þáskamatseðil sem ekki ætti að svíkja nokkurn mann.

Sjá bls 19

www.pfi.is

Minumst brautryðjendanna

Um þessar mundir minnumst við 85 ára afmælis Póstmannafélags Íslands. 85 ár er hár aldur þegar um lífaldur manna er að ræða en ekki síður þegar stéttarfélög eiga í hlut. Okkar félag er stofnað á þeim tíma þegar íslenskir launþegar eru að vakna til vitundar um að ekki þýðir að láta skammta sér kjör að geðþótta launagreiðenda heldur geti menn sjálfir haft áhrif þar á. Í ljósi umræðu um afmæli íslenskrar heimastjórnar og þátt okkar fyrsta ráðherra í jöfnun réttinda milli kynja, er eðlilegt að gera sér í hugarlund að sú vakning sem varð með þessum áfanga í frelsisbaráttu þjóðarinnar hafi líka átt sinn þátt í aukinni meðvitund launamanna um sinn rétt.

Í þessu blaði er fróðleg grein um þá tíma þegar konur komu inn í bréfberastétt, stofnuðu sitt eigið félag og fengu síðan inngöngu í Póstmannafélagið en um þessar mundir eru liðin 30 ár frá því. Ekki skal sú saga rakin hér en þegar verið er að vinna í efni af þessu tagi þá þarf að glugga í gömul blöð og spyrja þá sem muna þá tíma sem um ræðir. Kemur þá margt fróðlegt í ljós og margt sem vekur aðdáun, til dæmis hvað samstaða og dugnaður þessara kvenna var mikill. Það var ekki eins og þær hefðu eingöngu um sjálfar sig að hugsa. Nei, starfið var hugsað fyrir „ungar húsmæður“ sem þýddi að þetta voru konur með oft á tíðum stóra fjölskyldu. Á þessum tímum var ekki um að ræða gæslu barna á vegum samfélagsins, leikskólar og barnaheimili voru eingöngu fyrir börn einstæðra foreldra og öll þau þægindi og tækni sem við þekkjum á heimilum í dag var ekki komin til. Má því hugsa sér að oft hafi vinnudagurinn verið langur. Einnig má benda á hversu stutt launamenn voru komnir í réttindabaráttu sinni á þessum tíma og hvað mikið

hefur áunnist á þessum þrjátíu árum.

Þegar þessi leiðari er skrifaður er nýbúið að skrifa undir samninga milli Flóabandalagsins og Starfsgreinasambandsins við Samtök atvinnulífsins. Telja margir að þar með sé búið að gefa tóninn varðandi samninga annarra félaga á vinnumarkaði. Kjarasamningur okkar í PFÍ gildir til næstu áramóta. Mörgum kann að þykja það langur tími en við, sem munum vinna að samningsgerðinni, erum þegar farin að huga að því hvað ber að leggja áherslu á og við fylgumst vel með þróuninni á almenna markaðnum.

Að undanförnun hafa verið miklar aðhaldsaðgerðir hjá Íslandspósti og mikil hagræðing átt sér stað. Þetta hefur leitt til þess að fyrirtækið var rekið með hagnaði á síðasta ári enda fengu starfsmenn senda þakklætiskveðju í byrjun þessa árs. Þessi árangur hefur þó engan veginn verið sársaukalaus fyrir marga starfsmenn og verður þar einkum að minnast á bréfberana án þess að lítið sé gert úr framlagi annarra starfsmanna. Störfum bréfberanna er þannig háttað að lítið er hægt að hagræða nema með stækkun þeirra svæða sem hverjum er ætlað að þjóna. Þar tel ég að fyrirtækið sé komið á ystu nöf hvað varðar vinnuálag og leyfi ég mér að fullyrða, þó ekki hafi það fengist staðfest hjá fagfólki, að það hljóta að vera takmörk fyrir hvað er hægt að ætlast til að mannslíkaminn þoli mikið gönguálag á dag, fimm daga vikunnar allan ársins hring að ekki sé minnst á tilheyrandi byrði.

Væntanlega verður bættur hagur Íslandspósts til þess að auðveldara verður að sækja kjarabætur í komandi kjarasamningum. Við getum kannski farið að vonast eftir efndum á lofordunum sem gefin voru í tengslum við einkavæðingu fyrirtækisins 1997! Það þarf reyndar ekki mikla stærðfræðikunnáttu til að sjá að kjör póstmanna,

miðað við sambærilegar stéttir, hafa sjaldan verið eins rýr og þau eru nú, sjö árum eftir þessa miklu breytingu. Ef við ætlum að gera breytingar þar á þarf að koma til mikil og sterk samstaða allra félagsmanna Póstmannafélagsins í komandi kjarasamningum. Ég hef ekki áhyggjur af því að svo verði ekki. Ráðamenn Íslandspósts hljóta líka að gera sér grein fyrir stöðunni og sjá að verði ekki um að ræða verulegar kjarabætur í næstu samningum stendur fyrirtækið frammi fyrir enn meiri atgervisflotta en nú þegar er orðinn. Ef ráðamenn og fulltrúar eigna fyrirtækisins, sem erum við og landsmenn allir, geta ekki búið þannig að starfsmönnum að þeir sjái sér fært að selja fyrirtækinu vinnuframlag sitt, þá ætti samfélagið að skoða það hvort það eru efni til að veita þá pósthjónustu sem við höfum komið okkur upp í landinu eða hvort samfélagið á að styðja við bakið á þeim sem eru tilbúnir til að veita þessa þjónustu sem jafnast fyrir alla landsmenn.

Í komandi kjarsamningum skulum við minnast með þakklæti baráttu forvera okkar sem lögðu mikið á sig til að ná fram mannsæmandi kjörum og réttindum, bæði kjaralegum og félagslegum. Margra þeirra réttinda njóta allir landsmenn, hvort sem þeir eru launþegar eða ekki og mættu allir hugsa til brautryðjendanna áður en gert er lítið úr störfum stéttarféлага.



Þuríður Einarsdóttir, formaður PFÍ, skrifar.

Útgefandi: Póstmannafélagið, Grettisgötu 89, Reykjavík
Sími: 525 8370, fax: 525 8379
Netfang: pfi@bsrb.is Vefang: www.pfi.is
Ábyrgðarmaður: Þuríður Einarsdóttir
Ritstjóri: Jón Sigurðsson

Ritnefnd: Elinbjörg Kristjánsdóttir, María Magnúsdóttir, Reynir Stefánsson og Örn Ingólfsson
Umsjón og umbrot: Athygli ehf.
Prentun: Gutenberg


PÓSTMANNABLAÐIÐ





Greiðslur til starfsmanna vegna notkunar eigin bifreiða við vinnu eru framtalskyldar.



Afmæliskveðja

Ég óska póstmönnum öllum og Póstmannafélaginu til hamingju með 85 ára afmæli félagsins.

Með kveðju,
Einar Þorsteinsson,
forstjóri Íslandspósts

Akstursgreiðslur til bréfbera

Fyrir liggur samkomulag milli Póstmannafélagsins og Íslandspósts um fyrirkomulag og útreikning á greiðslum fyrirtækisins til þeirra bréfbera er velja að nota eigin bifreiðar við störf. Gerður hefur verið lágmarksrammi til viðmiðunar vegna mælinga á notkun hvers bréfbera á eigin bifreið við vinnu sína. Sá rammi verður notaður til viðmiðunar þegar kemur til samninga við starfsmenn enda ljóst að

skoða þarf hvert bréfberasvæði fyrir sig.

Minnt er á að greiðslur vinnuveitanda til starfsmanna vegna notkunar á eigin bifreiðum við vinnu eru framtalskyldar þó ekki muni þurfa að greiða skatta af þeim nema akstur sé 2000 km eða meira á ári.

Góð regla er hins vegar að fylgjast vel með rekstrarkostnaði bifreiða og varðveita allar upplýsingar þar um.



Aðalfundur PFI

Aðalfundur Póstmannafélags Íslands 2004 verður haldinn laugardaginn 27. mars 2004 kl. 15:00 í Kiwanishúsinu við Engjateig.

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Að loknum aðalfundi verður boðið upp á léttar veitingar í tilefni af 85 ára afmæli félagsins.

Stjórn Póstmannafélags Íslands.



Þetta var ánægjulegur tími

Rætt við Leu Þórarinsdóttur, fyrrum formann Póstmannafélags Íslands

Lea Þórarinsdóttir var formaður Póstmannafélags Íslands frá 1988 til 1994. Þegar hún tók við formennskunni hafði hún starfað að félagsmálum póstmanna í sautján ár. Lea hefur nú látið af störfum hjá Póstinum og er í dag starfsmaður Eimskips. Hún man tímana tvenna í starfsemi póstpjónustunnar sem tók miklum stakkaskiptum á þessum árum. Blaðamaður hitti Lea á kaffihúsi í miðbænum dag einn í febrúar og átti við hana spjall yfir konfektökum og kaffi.

„Ég byrjaði sem bréfberi hjá Póstinum veturinn 1971. Í fyrstu ætlaði ég aðeins í afleysingar í tvo mánuði, svona til þess að prófa að fara út á vinnu- markaðinn aftur og auka heimilistekjurnar. Ég átti þá fjögur börn á aldrinum 2 til 12 ára og hafði ekki verið á vinnu- markaði frá því ég gifti mig. Fljótlega eftir að ég byrjaði fékk yngsta barnið pláss á dagheimili hálfan daginn sem varð til þess að ég endaði í föstu starfi,“ segir Lea.

Hún bjó þá á Langholtsveginum og bar út póstin til nágretta sinna frá pósthúsinu R-4 við Langholtsveg, sem seinna flutti niður á Kleppsveginn. Lea fór fljótlega að sinna félagsmálum innan Póstfeyjufélagsins sem var félag kvenbréfbera á þeim tíma. Þá störfuðu fáar konur við póstpjónustu við misgóðar undirtektir karla í stéttinni. „Þrátt fyrir félagslega andstöðu þeirra voru þetta hinir mætustu menn í alla staði og ekkert öðruvísi en karlar í öðrum stéttum þegar kom að fjölgun kvenna á vinnu- markaði. Tíðarandinn var nú bara þannig, konur áttu að vera heima og gæta bús og barna og ekkert að gera sig gildandi á vinnu- markaði,“ segir Lea.

Barátta fyrir bættum kjörum

Póstfeyjufélagið barðist fyrir mörgum réttindamálum og meðal þess voru kaup á hlífðarfatnaði fyrir kvenkyns bréfbera. Karlkyns bréfberar í fullu starfi klæddust þá sérstökum einkennisfatnaði, með gylltum tölum og derhúfum. Konurnar áttu aftur á móti að



Lea Þórarinsdóttir var lengi í brúnni hjá Póstmannafélagi Íslands en hún var formaður þess á árunum 1988 til 1994.

leggja til sinn eigin fatnað og það þótti mörgum þeirra ósanngjarnt. „Okkur líkaði ekki búningar karlanna, með kaskaitum og tilheyrandi og höfðum engan áhuga á klæðast þeim,“ segir Lea. Þær höfðu það loks í gegn að stofnunin legði þeim til úlpur sem síðar urðu hluti af almennum hlífðarfatnaði bréfbera. Einnig voru skæðisfé og vetrarálag sem áunnust í framhaldinu mikil réttindabót.

Póstfeyjufélagið gekk inn í Póstmannafélag Íslands árið 1974. Áfram hélt Lea að starfa að félagsmálum stéttarinnar og nú innan PFÍ. Árið 1981 varð hún fyrsta póstfeyjjan til að taka sæti í stjórn Póstmannafélagsins. Þetta var mikill áfangasigur fyrir konur innan stéttarinnar. Lea segir að stjórnarsetan hafi víkkað sýn hennar á kjarabaráttu póstmanna.

„Þá varð ég þátttakandi í ákvörðunum og sá hvað sum mál geta tekið langan tíma og verið þung í vöfum,“ segir hún. Á þessum árum barðist Lea ásamt fleirum fyrir ýmsum réttindamálum og má þar nefna langvarandi baráttu bréfbera fyrir því að fella niður útstimplun.

„Það var auðvitað sjálfsagt að stimpla sig inn til vinnu en okkur þótti nokkuð fjarstæðukennt að þurfa að ganga langar leiðir aftur á pósthúsið til þess að stimpla okkur út, þar sem við höfðum þegar komið öllum pósti til skila. Það var öllum ljóst að við vorum við vinnu okkar við dreifingu og í sumum tilfellum lauk henni í þó nokkurri fjarlægð frá pósthúsinu.“

Rauðaberg helst í ættinni

Lea sat í fjölmörgum nefndum innan Póstmannafélagsins og þar á meðal orlofsheimilanevnd, en félagið átti bústaði víða um land. Einn af þeim var Rauðaberg í Austur-Skaftafellssýslu sem félagið ákvað að selja árið 2002 þar sem aðsókn hafði minnkað sökum fjarlægðar frá Reykjavík. Lea gerði tilboð í húsið og keypti það sama ár. „Mér fannst ófært að missa húsið úr ættinni,“ segir Lea kankvís.

Árið 1983 hætti Lea sem bréfberi og tók við gjaldkerastöðu í R-4. Hún segir að gjaldkerastarfið hafi verið mjög skemmtilegt en ábyrgð á miklum fjárumunum hafi ekki verið metin sem

skyldi til launa, þó seinna hafi náðst áfangi í þeirri baráttu með sérstöku gjaldkeraálagi. Lea hafði farið í Póst- og símaskólann og hún segir að nám í skólanum hafi verið mikil lyftistöng fyrir félagsmenn.

„Ég fór í almennt póstafræðslu- mannsnám og síðan yfirmannsnám. Námið var fjórar annir og bæði almenns eðlis og sérhæft fagnám, svo að ég lagði jafnt stund á reglugerðir, tölvunám og frönsku.“

Afgreiðslustörfin hafa breyst mikið að sögn Leu. „Núna, þegar pósthjónustan hefur verið einkavædd, hefur verið tekin upp stimplun á bréf í stað frímerkja sem mér finnst vera mikill missir að. Pósthúsum fækkaði af sömu ástæðu og hefur verið gert samkomu- lag við verslanir um samstarf við rekstur þeirra og mér þykir veruleg eftirsjá að þessum pósthúsum.“

Lærdómsríkt verkfall

Árið 1984 fóru opinberir starfsmenn í langt og strangt verkfall. Lea var þá í stjórn Póstmannafélagsins og hún segir að þá hafi mikið reynt á samstöðu félagsmanna. „Póstmenn, sem og aðrir opinberir starfsmenn, lærðu heilmikið af þessu verkfalli. Við svona aðstæður kynnist fólk alveg upp á nýtt. Það var alveg ótrúlegt hvað samstaðan var

mikil og ágreiningur um smámál var lagður til hliðar, enda náðist talsverður árangur með þessu verkfalli,“ segir Lea.

Áhugaverð póstmannaþing

Lea minnst póstmannaþinga sem haldin voru reglulega í Munaðarnesi, en þar komu saman póstmenn af öllu landinu. „Þar voru flutt fræðsluerindi og línurnar lagðar en einnig var um skemmtun að ræða. Þessar samkomur juku samheldni félagsmanna og tengdu landsbyggðina og þéttbýlið. Við vorum líka í norrænu samstarfi og af því lærðum við heilmikið og einnig var það gagnkvæmt fyrir hinar þjóðirnar,“ segir hún.

Áralöng félagsstörf urðu til þess að Lea var kjörinn formaður PFÍ árið 1988. Sama ár var ný stjórn BSRB kjörin undir stjórn Ögmundar Jónassonar og Lea sat í þeirri stjórn í sex ár, eða til ársins 1994 þegar hún lét af störfum sem formaður. Hún segir að kjaramálin hafi alltaf verið númer eitt, tvö og þrjú. „Þjóðarsáttasamningarnir árið 1990 voru stórt skref fyrir alla launamenn og má segja að síðan hafi ríkt sátt, allavega á yfirborðinu. Launþegar þurfa þó alltaf að vera á varðbergi og halda í þau réttindi sem kostað hafa blóð, svita og tár. Mér finnst stundum að

unga fólk þó geri sér ekki grein fyrir því að engin réttindi fengum við sjálfkrafa í hendur,“ segir Lea.

Þegar Lea lét af störfum sem formaður tók hún til starfa í aðalendurskoðun Pósts og síma sem fulltrúi og var þar til ársins 1998. „Þá var Pósti og síma skipt upp í Íslandspóst og Landsímamann og þá tók ég til starfa á skrifstofu forstjóra Íslandspósts, við skrifstofustörf. Ég starfaði þar í tæp þrjú ár þegar ég ákvað að söðla um og athuga hvort það væri líf fyrir utan pósthjónustuna og fékk þá starf hjá Eimskipafélaginu í móttöku.“

Óska félaginu alls hins besta

Lea segir árin hjá Pósti og síma og síðar Íslandspósti hafa verið ánægjulegt og viðburðarríkt skeið í lífi hennar. „Í starfi mínu fyrir félagið kynntist ég mörgu góðu fólki, innanlands og utan, og tel mig langtum ríkari fyrir vikið. Mér er alltaf hlýtt til míns gamla félags og óska því innilega til hamingju með afmælið og alls hins besta í framtíðinni,“ segir Lea Þórarinsdóttir, fyrrverandi formaður PFÍ. Þegar við ljúkum spjallinu segist hún ætla að eyða komandi helgi í bústaðnum sínum á Rauðabergi. „Ég er enn svolítið tengd mínu gamla félagi þegar ég er þar,“ segir hún og hlær.

Úthlutun orlofshúsa fyrir sumarið að hefjast:

Heitir pottar í Munaðarnesi!

Eins og fram hefur komið, bæði í síðasta Póstmannaþingi og eins í BSRB-tíðindum, standa hitaveituframkvæmdir yfir í Munaðarnesi en þeim fylgir mikið rask eins og við er að búast. Áætlað er að verktakar ljúki framkvæmdum í byrjun maí en þá eru eftir ýmsar lagfæringar. Í ljósi þessa var samþykkt á síðasta aðalfundi orlofsbyggðanna að félögin fái húsin ekki til útleigu fyrr en 11. júní. Þeir sem hafa hug á að leigja orlofshús fyrir þann tíma þurfa því að snúa sér til skrifstofu BSRB í síma 525 8300.

Eins og kom fram í fréttum brann eitt orlofshúsanna í Munaðarnesi að kvöldi 30. desember. Því miður var það hús númer 23 sem var eitt af hús-

unum sem PFÍ hefur haft umráðarétt yfir. Félagið hefur nú fengið úthlutað öðru sambærilegu húsi og er það númer 16, skammt frá þjónustumiðstöðinni eins og húsið sem brann.

Póstmannafélagið hefur haft umráðarétt yfir fjórum húsum í Munaðarnesi; tveimur fjögurra manna og tveimur sex manna. Stjórn félagsins tók um það ákvörðun á síðastliðnu hausti að fá skipti á öðru fjögurra manna húsinu og húsi með þremur svefnherbergjum. Þetta var samþykkt af stjórn orlofsbyggðanna og fékk félagið úthlutað húsi númer 70 í stað húss númer 66. Þetta mun vonandi mælast vel fyrir enda hefur jafnan verið meiri eftirspurn eftir stærri húsunum.

Með hitveitu og heitum pottum við öll hús í Munaðarnesi rætist langþráður draumur og orlofsbúðirnar munu þá uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í dag. Umsækjendum um orlofshús skal bent á að með tilkomu heitu pottanna verður leiga fyrir húsin í Munaðarnesi hærri en á Eiðum og Illugastöðum.

Með Póstmannaþinginu fylgir að þessu sinni umsóknareyðublað vegna úthlutunar orlofshúsa/íbúða á komandi sumri. Póstmenn hafa ætíð verið duglegir að nýta sín orlofshús og vonandi verður svo áfram enda er góð hvíld í því að dvelja með fjölskyldunni í orlofshúsi og skoða sig síðan um á okkar fagra landi.





Núverandi stjórn Póstmannafélags Íslands, efri röð frá vinstri: Bergþór Kristjánsson, Anna Jóna Arnbjörnsdóttir, Reynir Stefánsson og Hrefna Eyjólfsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Jón Ingi Cæsarsson, þurður Einarsdóttir, formaður og Torfi Þorsteinsson.

Eiga stéttarfélag fram tíð fyrir sér?

Póstmannafélag Íslands er stéttarfélag með 85 ára sögu. Í reynd er samt raunveruleg saga þessa félags sem alvöru stéttarfélags, þ.e. stéttarfélags sem þarf að standa á eigin fótum með sjálfstæðan samningsrétt, ekki nema frá 1986 þegar gildi tóku lög um aukinn og sjálfstæðan samningsrétt félaga opinberra starfsmanna. Áður lá allur samningsréttur hjá BSRB og þar áður höfðu opinberir starfsmenn ekki samningsrétt. Á síðustu 10-15 árum hafa mörg stór félög yfirgefið BSRB og má þar nefna Kennarasambandið, félög hjúkrunarfræðinga, leikskólakennara og fleiri. Að mínu mati hefur þetta veikt áhrif BSRB á þjóðmálaumræðuna þó svo þau geti talist töluverð.

Verndað umhverfi

Samskipti stéttarféлага ríkisfyrirtækjanna við samningsaðilann voru löngum með öðrum hætti en gerðist á hinum almenna markaði. Félögin voru eiginlega í vernduðu umhverfi þar sem átök voru með öðrum hætti en á hinum almenna vinnumarkaði. Stéttarfélag starfsmanna Pósts og síma áttu nokkuð gott aðgengi að stjórnendum stofnunarinnar í gegnum starfsmannaráð sem var lagt niður við breytingu á stofnuninni í hlutafélag. Aðgengi stéttarfélagsins og áhrif á stjórn Íslandspósts eru því verulega minni en var þegar Póst- og símamálastofnunin var og hét. Hér á landi hefur aldrei verið rætt í alvöru það fyrirkomulag sem er lögbundið víða í Evrópu, m.a. á Norðurlöndum, að fulltrúar stéttarféлага starfsmanna eigi sæti í stjórn fyrirtækjanna.

Þó svo Íslandspóstur sé hlutafélag og starfi samkvæmt lögum sem gilda um slíkt rekstarform þá hefur Póstmannafélagið enn á sér ýmis sterk einkenni stéttarfélags ríkistarfsmanna. Við gerum kjarasamning aðallega við einn vinnuveitanda, þ.e. Íslandspóst. Ís-

landspóstur er í eigu ríkisins svo áhrif þess á fyrirtækið eru mikil. Að því leyti hefur lítið breyst. Starfsemi félagsins er með sama sniði og var áður og svo að sjálfsögðu það sem ræður mestu: Við erum enn í heildarsamtökum opinberra starfsmanna, BSRB.

Komið að þáttaskilum

Í skoðanakönnunum meðal félagsmanna hefur komið fram vilji til að Póstmannafélagið haldi áfram starfsemi og póstmenn verði áfram sameinadír í eitt stéttarfélag eins og reyndin er í löndunum í kringum okkur. Þar teljum við hag okkar betur borgið en að sundrast í önnur stéttarfélag sem mörg hver sæju sér hag í að ná okkur til sín. Það sýndi sig 1997 þegar aðildarfélag ASÍ gerðu atlögu að samningsrétti okkar í þeim tilgangi einum að ná til sín félagsmönnum.

Það er augljóst að mínu mati að nú er komið að þáttaskilum í sögu Póstmannafélagsins. Félagar okkar erlendis hafa verið að ganga í gegnum sömu breytingar á rekstrarumhverfi og við. Þeir hafa valið mismunandi leiðir. Sumir eru í samtökum hins almenna markaðar og aðrir eru með opinberum starfsmönnum. Þessi félög eiga það þó sameiginlegt að vera ennþá heilsteyp félög þó aðild að heildarsamtökum hafi breyst. Við eigum það líka sameiginlegt með félögum okkar erlendis að breytingum á rekstrarformi fyrirtækjanna hefur fylgt minna starfsöryggi, skert réttindi og ýmislegt sem vinnuveitandinn, sem enn er þó ríkið í flestum landanna, hefur beitt til að ná fram meintum sparnaði og vinnuhagræðingu. Þjónusta sem viðskiptavinir fá hefur tekið miklum breytingum og skiptar skoðanir eru um gæði hennar en það fer eftir því eftir því hver lítur silfrið. Sumt er betra en áður, annað síðra eins og gengur.

Milljónir utan félaga

Hagræðing og sparnaður hefur verið sú kennisetning sem póststjórnir landa í Evrópu hafa unnið með. Pósthús eru lögð niður í þúsundatali um alla álfuna og starfsemin flutt inn í verslanir og banka þar sem fólk úr öðrum félögum innan verkalýðshreyfingarinnar yfirtekur störf. Eftir standa þó póstmíðstöðvar og bréfadreifing, við því hefur



Jón Ingi Cæsarsson, skrifar.



ekki verið hróflað enn. Breytingar þessar standa sem hæst þessi árin og algjörlega ómögulegt að segja fyrir um hvar þetta endar. Ef til vill eru framundan tímar þar sem stéttarfélög almennt munu eiga undir högg að sækja og tilburðir vinnuveitanda og stjórnvalda í sumum löndum hafa því miður miðað að því að grafa undan samtökum launamanna. Í sumum löndum standa milljónir launamanna utan allra stéttarféлага og eru ofurseldir duttlungum líðandi stundar. Í Frakklandi eru aðeins um 15% launþega aðilar að stéttarfélögum. Aftur á móti munu um 40% franskra póstmanna vera í stéttarfélögum og staða póstmanna telst því nokkuð góð miðað við marga aðra. Það sem er okkur póstmönnum á Íslandi nauðsynlegt nú um stundir er að doka við, taka ákvarðanir og vinna skipulega að því að mæta þessari óvissu framtíð. Þar sem við póstmenn höfum ákveðið að vera saman í eigin stéttarfélagi eigum við að vinna með félögum okkar og starfsbræðrum í heildarsamtökum póstmanna á Norðurlöndum og í heiminum. Það er grundvallaratriði.

Þegar núverandi formaður BSRB var kjörinn á sínum tíma var það hans helsti draumur að heildarsamtök launamanna gætu unnið nánar saman eða sameinast. Að mínu mati eru ASÍ og BSRB jafn fjarri því að sameinast eins og fyrir 15 árum. Smákóngaveldi verkalyðshreyfingarinnar er að skaða hana stórlega og þúkin á fjósbitanum, „vinnuveitendur“, fitnar sem aldrei fyrr. Kárahnjúkavirkjun ætti að vera verkalyðshreyfingunni þörf ábending á nauðsyn sterkrar samstöðu og að ganga til móts við framtíðina án flokka-dráttar og deilna. Sífelldar deilur um innri málefni og skiptingu félagsmanna milli féлага er íslenski verkalyðshreyfingu til vansa meðan full þörf er á varðstöðu hennar í sjarðnandi atlögu gróðaafllanna að réttindum launafólks. Þessi réttindi voru okkur ekki færð á silfurfati heldur eru þau afrakstur áratuga baráttu og fórnar. Þessu eru margir búnir að gleyma og það er ekki spurning í mínum huga að vinnuveitendur og stjórnvöld hafa fullan hug á að kroppa til baka eitthvað af þessum réttindum ef slakað er á í varðstöðunni. En þetta verður ekki svona ef við



„Þessi réttindi voru okkur ekki færð á silfurfati heldur eru þau afrakstur áratuga baráttu og fórnar“.

stöndum saman, styrkjum okkur og færum út kvíarnar. Við sækjum styrk okkar til stéttarvitundar póstmanna sem er ótrúlega sterk, ekki bara hér heldur einnig erlendis.

Stokkum upp spilin

Við þurfum að byrja á að styrkja innviði félagsins okkar. Þar munu trúnaðarmennirnir gegna mikilvægu hlutverki. Þeir eru tengiliðir vinnustaðanna og félagsins. Lykillinn að því að stéttarfélag virki er að félagarnir séu samstíga. Oft hefur verið nauðsyn á sterkum trúnaðarmönnum en nú veltur hvorki meira né minna staða stéttarinnar og framtíð á því að vel takist til við þessa innri vinnu. Samhliða þessu verðum við að vinna í hlutum út á við. Við verðum að ná til fólks sem er að vinna við sama fag og við. Flutningur og dreifing á pósti í landinu er háð ákveðnum lögum og reglugerðum. Ýmsir hafa komist upp með að brjóta þessi lög og hefur það þýtt óvægna samkeppni og hættu á minnkandi atvinnuöryggi félagsmanna okkar hjá Íslandspósti. Póstmannafélagið hefur bent opinberum eftirlitsaðilum á skyldur sína í þessum efnunum án sjáanlegs árangurs.

Það er mikilvægt, hvað varðar framtíð okkar, að fólk sem vinnur við þetta fag sameinist í einu stéttarfélagi póst-

manna. Það verður að brjóta á bak aftur undirboð annarra fyrirtækja sem fara ekki að lögum og misbjóða fólki í vinnu með að láta það vinna sem verkataka og njóta þar með ekki þeirra kjara eða réttinda sem kjarasamningar stéttarféлага tryggja. Undirboð varða við lög og er atлага að launamönnum og réttindum þeirra, ekki bara í pósthjónustunni heldur hvar sem er í íslensku þjóðfélagi.

Ef að því kemur að við póstmenn teljum að okkur sé betur borgið innan launþegasamtaka á almennum vinnu-markaði þá er það skref sem taka verður að vel athuguðu máli. Innan raða margra aðildarféлага BSRB eru félagsmenn sem eru í sömu aðstöðu og póstmenn, þ.e. vinna hjá stofnunum sem hefur verið breytt í hlutafélög og njóta því kjaralegra réttinda sambærilegra við féлага í aðildarfélagum ASÍ. Aukin samvinna og samráð með þessum hópum sem skilja okkar aðstöðu er líka vel hugsanleg enda hafa forráðamenn þeirra féлага oft leitað í reynslubanka póstmanna þegar þeir hafa staðið frammi fyrir svipuðum breytingum og póstmenn gengu í gegnum 1997. Hvað framtíðin ber í skauti sér í þessum efnunum er algjörlega óljóst í mínum huga. Hvað sem gert verður þá verður það sameiginleg ákvörðun allra félagsmanna PFÍ. Svona ákvörðun er tekin í allsherjaratkvæðagreiðslu þar sem öll spil verða lögð á borðið.

Félagið er fyrir fólkið

Ef niðurstaða okkar verður sú að póstmönnum sé betur borgið innan vébanda annara stéttarféлага eða jafnvel utan þeirra, eigum við ekki að halda Póstmannafélaginu lifandi sögunnar vegna. Stéttarfélög eru ekki stofnanir heldur samtök fólksins sem í þeim eru og það er mikill misskilningur að halda að formaður eða stjórnir stéttarfélagana séu félagið. Félagið er fólkið og félagið er til til þess að standa vörð um hagsmuni félaganna en ekki til að skaffa formönnum eða stjórnun vinnu eins og mér finnst allt of víða skína í gegn í íslenski verkalyðshreyfingu.

Íslenski verkalyðshreyfing á að standa saman og stilla saman strengi sína og vinna samkvæmt þeim þroska sem næstum heillar aldar tilvera þeirra ætti að hafa skilað.





„Um tuttugu og fimm menn voru þá þarna uppi við vinnu og búið var í tjöldum við jökuljaðarinn.“

Leitin að týndu herflugvélinni

Skúli Árnason á Akureyri skrifar um lífið utan vinnu

Þegar skrifa á um lífið utan vinnu þá kemur fyrst upp fjölskyldan og það sem að henni snýr sem er viðfangsefni sem sinna þarf og hlúa reglulega að. Ég er kvæntur og eigum við tvo stráka sem nú eru 22ja og 25 ára og eru þeir fluttir að heiman. Þegar hins vegar kemur að frístundum þá á ég áhugamál sem tekur allan minn aukatíma en það er útivist.

Útivistin er áhugamálið

Ég hjóla til og frá vinnu og síðan er ég í hjólahópi sem kemur saman einu sinni í viku yfir sumarið og þá er farið eitthvað í tvo til þrjá tíma. Þetta hafa verið góðir ferðir með ýmsum uppákomum. Þá höfum við farið í lengri dagsferðir. Síðan á ég kajak, Prijon sjóbát og er ég þar í öðrum hópi en aðallega erum við tveir til þrír saman sem róum og þá mest hér um fjörðinn. Ég hef prófað árbáta og einnig straumvatnsbáta. Samhliða útivistardellu, sem var aðallega fólgin í gönguferðum á fjöll, bæði sumar og vetur, fór ég í björgun-

arsveit þar sem áhugamálið blandaðist vel þeim verkefnum sem þar eru. Nú, eftir langan tíma sem félagi, er ég formaður í þessari björgunarsveit sem er hér í bæ en starfið er mjög fjölbreytt og félagsandi mjög góður.

Það sem ég ætla að segja frá hér er

eitt af þeim verkefnum sem upp hafa komið en það er „týnda flugvél“ sem margir höfðu heyrt um en enginn vissi hvar var. Þetta var bresk hervél sem fóst 1941 og hvarf síðan fljótlega. Margir höfðu farið hér um fjöll til að kanna málið en án árangurs. Nú hefur nokkur umfjöllun verið um þetta bæði í blöðum og sjónvarpi. Ég hafði heyrt af þessari týndu flugvél fljótt eftir að ég gekk til liðs við Flugbjörgunarsveitina á Akureyri 1973. Ég fór af stað en án árangurs eins og hjá mörgum áður.

Ég talaði oft um flug við einn vin minn, Hörð Geirsson, sem er mikill áhugamaður um stríðsáraflugið við Ísland og hefur m.a. safnað mikið af heimildum um það. Dag einn kom Hörður til mín og sagðist hafa fengið staðsetningartölur um hvar Fairey Battle flugvélinni væri en fundin væri skýrsla um málið úti í London. Í þessari skýrslu kom fram hvar vélin hefði farist og höfðu Bretar fundið vélina tveimur dögum eftir að hún hvarf og farinn var leiðangur þarna upp viku síðar. Snjóað hafði yfir flakið þannig að aðeins stóðu hlutar af því upp úr snjónum.

Flakið finnst á ný

Það var veruleg spennan þegar við lögðum af stað til leitar eftir þessum vísbendingum. Við vorum fjórir: Örn Arnarson, Hörður, Össur sonur hans og ég. Leiðin var valin á korti og þurftum við að vaða eina ískalda á (snemma morguns) og síðan ganga í um fjóra tíma upp í 1100 metra hæð. Þegar við



„Við sýndum ósjálfrátt hluttekningu með því að tala lægra og jafnvel hvíslast á og viss-



„Farið var upp með TF-LÍF og farið á brott með það sem komið hafði í ljós“.

nálguðumst staðinn fann Örn smábút úr áli sem var það fyrsta sem við fundum. Þegar upp á jökulinn var komið var nokkuð af hlutum úr vélinni þar að finna og fljótlega rakst ég á hálskraga með nafni eins þeirra sem í vélinni höfðu verið. Þá var okkur ljóst að þarna var vélin fundin og eins og fram kom í skýrslu úti í London, þá hafði ekki verið hægt að ganga frá þarna og voru því allir hlutir og líkamsleifar enn á staðnum. Jökullinn hafði tekið að sér að geyma þetta í öll þessi tæp 60 ár. Þegar við skoðuðum svæðið betur gerðum við okkur ljóst hversu hörmulegt þetta slys hafði verið þótt langt væri um liðið. Við sýndum ósjálfrátt hluttekningu með því að tala lægra og jafnvel hvíslast á og vissum að þarna höfðu farist fjórir ungir menn.

Þessi dagsferð hafði verið verulega viðburðarík. Spennan, sem hafði verið fyrir ferðina, var ekki minni nú. Það var ýmislegt sem við urðum nú að hugsa um og það varð að skipulegja marga hluti til að halda utanum málið. Það var ákveðið að segja ekki frá fundi flaksins strax þar sem huga þurfti að aðstandendum, sendiráði Breta og fjölmiðlum. Við höldum staðnum leyndum þar sem þarna voru líkamsleifar og ýmsir persónulegir munir. Þegar niður kom fórum við í að tilkynna þetta til lögreglu og sendiráðsins. Farið var upp með TF-LÍF ásamt lögreglu og farið á brott með það sem komið hafði í ljós. Síðan snjóaði yfir svæðið þar sem liðið var á sumar.

Verkinu haldið áfram

Næsta sumar var síðan skipulagður leiðangur þarna upp og þar með voru félagar úr björgunarsveitinni Súlum og úr björgunarsveit breska flughersins ásamt Gæslunni og Varnaliðinu en farið var upp með þyrlum. Um tuttugu og fimm menn voru þá þarna uppi við vinnu og búið var í tjöldum við jökuljaðarinn. Unnið var við að færa til brak úr vélinni þannig að hægt væri að flytja það niður síðar. Gæslan sá um að taka byssur og skotfæri. Líkamsleifar voru fluttar í Fossvogskirkjugarð. Eftir leiðangurinn var minningarathöfn í Fossvogskirkju þar sem ættingjar þeirra er þarna fórust komu frá Englandi og Nýja-Sjálandi.

Ekki var hægt að ljúka verkinu þetta árið þar sem snjóaði yfir svæðið og ákveðið að halda áfram að ári. Sami háttur var síðan hafður á þá og voru það þyrlur sem ferjuðu upp menn og búnað. Unnið var eftir sama skipulagi og árið áður en það er aðallega vegna þess að jökullinn er að hörfa og við hverja bráðnun er nýtt yfirborð. Mikið hefur komið fram af persónulegum munum svo sem fatnaði, rakáhöldum, tannburstum, peningaveskjum með íslenskum peningum o.fl. Hluti þessara muna eru á Flugminjasafninu hér á Akureyri. Þessu verki er ekki lokið og verið er að skipuleggja vinnu þarna í sumar þannig að sumarfríið hjá mér í ár verður að hluta til þarna uppi.

Gjallarhornið



Munið sjóðina!

Minnt er á hina ýmsu sjóði sem Póstmannafélagið hefur yfir að ráða:

Póstmannasjóður styrkir starfsmenn sem hafa náð 7 ára starfsaldri til hvíldar og hressingar. Umsóknir sendist Torfa Þorsteinssyni, Póstmiðstöð Stórhöfða 32.

Styrktarsjóður póstmanna aðstoðar póstmenn sem verða fyrir stóráföllum svo sem vegna veikinda, sinna eigin eða aðstandenda.

Starfsmenntunarsjóður veitir styrki vegna námskostnaðar og einnig vegna tómsundanáms, samkvæmt reglum sjóðsins.

Sjúkrasjóður greiðir félagsmönnum bætur vegna launataps í veikindum, og styrkir félagsmenn vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds.

Reglugerðir allra sjóðanna eru birtar í Handbók póstmanna. Félagsmenn eru minntir á að kynna sér þær og nýta sér þá styrki og framlög sem þeir gætu átt rétt á.

Umsóknareyðublöð vegna Sjúkrasjóðs og Starfsmenntunarsjóðs eru hjá trúnaðarmönnum og á skrifstofu PFI.

Veikindi í orlofi

Félagsmenn eru minntir á að ef þeir veikjast í orlofi það mikið að þeir geti ekki notið orlofsins þá láti þeir strax viðkomandi yfirmann og Heilsuvernd vita.

Fæðingarorlofið

Nú eiga feður rétt til fæðingarorlofs í þrjú mánuði. Einnig er minnt á að til að réttindi gagnvart stéttarfélaginu glatist ekki þarf að merkja í sérstakan reit á umsóknareyðublaðinu um fæðingarorlofið. Þær konur sem njóta réttinda opinberra starfsmanna og hefðu að óbreyttum lögum um fæðingarorlof átt rétt til fullra launa í fæðingarorlofi, fá mismuninn á 80% launum frá Fæðingarorlofsjóði og fullum launum greiddan frá Íslandspósti hf.





Þuríður og Elísabet, samstarfskonur á skrifstofu PFÍ.

Er um hluti af gangverkinu

Þuríður Einarsdóttir hefur verið formaður Póstmannafélags Íslands í hartnær áratug en hún hlaut kosningu árið 1994. Hún var póstmönnum þá þegar að góðu kunn enda hafði hún setið í félagsráði og stjórn PFÍ frá árinu 1988, fyrst fyrir bréfbera og svo fyrir póstafgreiðslumenn. Þuríður er fædd að Hamraendum í Stafholtstungum en uppálin frá fjögurra ára aldri að Jarðlangsstöðum í Borgarhreppi. Bæði þessi sveitarfélög eru í Mýrarsýslu og tilheyra nú Borgarbyggð. Ættir og uppruna rekur hún þó til Vestur-Skaftafellssýslu. Hún naut skólagöngu á Varmalandi og síðar á Héraðsskólanum á Reykjum en flutti að því búnu suður til Reykjavíkur, gifti sig og hóf að sinna búi og börnum.

Rætt við Þuríði Einarsdóttur, formann Póstmannafélags Íslands á 85 ára afmælisári

Hef komið víða við

„Tildrög þess að ég fór að vinna hjá Pósti og síma voru einfaldlega þau að mig vantaði vinnu sem ég gæti sinnt meðfram uppeldi fjögurra barna okkar hjóna. Ég hóf störf sem bréfberi í hálfu

starfi nálægt heimilinu árið 1984 og var það starf að mörgu leyti skemmtilegt en að sumu leyti erfitt, sérstaklega þegar veður og færð voru manni mót-dræg. Ég naut útiverunnar í fjögur ár en gerðist þá gjaldkeri á R-9 í Arnarbakka og síðar í Mjódd. Þar var ég til ársins 1993 er ég hóf störf á Póstgíró í Ármúlanum og starfaði þar þangað til ég varð formaður í fullu starfi árið 1996. Það má því segja að á þessum 20 árum sem ég hef unnið með póstmönnum hafi ég komið víða við og það hefur sannarlega reynst mér vel í starfi mínu sem formaður,“ segir Þuríður.

Þegar blaðamaður kemur við á skrifstofu Póstmannafélagsins er greinlegt að það er nóg að gera og erill mikill. Hvernig gekk formanni að fóta sig sem framkvæmdastjóri árið 1996; ný í starfi og blaut á bak við eyrun?

Naut góðrar leiðsagnar

„Ég þekkti störf póstmanna nokkuð vel þegar ég varð formaður og fyrstu tvö árin þar á eftir naut ég samstarfsins við Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur sem þá var hér framkvæmdastjóri og hafði mótað allt starfið mjög árin þar á undan. Guðrún gjörþekkti til aðstæðna í félaginu og veitti mér gríðarlega góða tilsögn og tilfinningu fyrir starfsemiinni. Guðrún Katrín hafði verið ráðin fyrsti framkvæmdastjóri PFÍ árið 1979 og við nutum starfskrafta hennar allt til þess að hún gerðist húsfreyja á Bessastöðum eftir forsetakosningarnar 1996.“

Puríður segir úrlausnarefni á skrifstofunni vera margvísleg frá degi til dags. „Fólk leitar mikið til okkar varðandi útskýringar á kjarasamningi, það þarf að leigja út orlofshús og íbúðir, afgreiða umsóknir um styrki úr sjóðum félagsins, jafna ágreining sem stundum kemur upp á vinnustöðum, sinna uppgjöri fyrir félagið, halda virku sambandi við félagsmenn með fundum og þess háttar, reka heimasíðu, sinna blaðaútgáfu og svo framvegis. Þá er Póstmannafélagið eitt af stofnfélögum BSRB og allnokkur tími fer í samstarf með félögum okkar þar svo og á erlendum vettvangi. Það er því nóg að gera hér á skrifstofunni og nýt ég frábærrar aðstoðar Elisabetar Þórólfsdóttur sem hér hefur verið undanfarin ár.“

Gjörbreytt staða

Á þessum áratug sem liðinn er frá því Puríður Einarsdóttir varð formaður PFÍ hefur svo sannarlega margt breyst í starfsumhverfi póstmanna. Má raunar segja að allt annað landslag blasi við. Árið 1994 var umræðan um breytingar á póstpjónustunni ekki hafin en á undraskömmum tíma tóku stjórnvöld ákvörðun um að breyta Pósti og síma í hlutafélag og ekki leið á löngu þar til fyrirtækið var klofið upp í tvö sjálfstæð félög, Landssímann hf. og Íslandspóst hf.

„Eftir að Alþingi hafði mótað þessa stefnu stóð forysta Póstmannafélagsins skyndilega frammi fyrir algerlega nýjum hlutum. Starfsmenn héldu vissulega sínum kjörum og réttindum sem þeir höfðu notið sem ríkisstarfsmenn en urðu að aðlaga sig breyttum



„Félag, sem ekki nær að takast á við verkefni dagsins, trénast upp og deyr á skömmum tíma,“ segir Puríður Einarsdóttir, formaður Póstmannafélags Íslands í samtali.

aðstæðum á vinnumarkaði. Þeir voru því ekki lengur undir verndarvæng ríkisvaldsins og smám saman breyttist starfið með nýjum áherslum stjórnenda fyrirtækisins. Í dag er Íslandspóstur allt öðru vísi fyrirtæki heldur en það var: Meiri áhersla er lögð á flutningastarfsemi en minni áhersla á þjónustupáttinn. Ég tel að ímynd þessa mikilvæga þjónustu- og öryggisþáttar í þjóðfélaginu hafi skaðast og ég held að margir þeirra sem hafa hafið störf í þessari atvinnugrein hin síðari árin, hafi ekki sömu tilfinningu fyrir starfinu og menn höfðu áður.“

Ekki næg endurmenntun

Það er greinilegt að Puríði formanni er heitt í hamsi þegar hún rifjar upp þróun mála síðustu árin og hún finnur til með samstarfsfólki sínu sem að hennar mati hefur ekki notið þeirrar „hagræðingar“ sem ráðamenn einblína á. „Það er ekki aðeins að kjör póstmanna hafi dregist verulega aftur úr viðmiðunarhópunum heldur er minni virðing borin fyrir þessu starfi en áður var. Fagmennska er á hröðu undanhaldi, m.a. vegna þess að endurmenntun er

lítið sinnt. Póst- og símaskólinn var lagður niður árið 1996 og þótt ýmis námskeið séu haldin í Póstscola Íslandspósts, koma þau ekki í stað samfellds skólastarfs. Starfsmannaveltan er allt of mikil og er nú svo komið að einungis 30% þeirra sem nú starfa hjá Íslandspósti voru starfsmenn þegar fyrirtækið var sett á laggirnar. Ástæðurnar fyrir því að nýir starfsmenn stoppa stutt við eru auðvitað launakjörin auk þess sem störf, sem áður voru unnin á póstafræðislustöðvum, eru nú í mörgum tilfellum unnin innan um kjötfars og kornflex í dagvöruverslunum og verkefni því færst yfir til félagsmanna í öðrum stéttarfélögum eða til fyrirtækjaþjónustu. Hagræðing kemur fram í auknu vinnuálagi og aðhaldi hvað varðar yfirvinnu þar með er ekki fyrir hendi möguleiki til að bæta kjör sín með yfirvinnu sem hefur löngum verið aðferð íslenskra launamanna til að bæta léleg launakjör. Póstmenn eru því óánægðir með kjör sín og starfsaðstæður, stafa vonbrigði þeirra ekki síst af því að þeir höfðu miklar væntingar til ráðamanna sem fullyrtu að kjörin myndu batna. Niðurstaðan er algerlega öndverð.“

Við eigum erindi

Stutt spjall við Puríði Einarsdóttur, formann Póstmannafélags Íslands er senn á enda. Við spyrjum hana að lokum um mat á framtíð félagsins á 85 ára afmælisárinu:

„Ég held að Póstmannafélag Íslands eigi bjarta framtíð og hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Við erum hluti af gangverki íslenskrar verkalýðshreyfingar og þótt verkefni séu breytileg frá ári til árs eru úrlausnarefnin næg. Raunar held ég að það sé að mörgu leyti gæfa Póstmannafélags Íslands öll þessi ár að hafa getað aðlagað sig að breyttum aðstæðum. Félag, sem ekki nær að takast á við verkefni dagsins, trénast upp og deyr á skömmum tíma. Ég á því þá ósk heitasta til PFÍ að það haldi áfram að vera ungt í anda, þrátt fyrir háan aldur og að á komandi tíð fái félagið áfram notið þess að fá til starfa fólk sem hefur áhuga og getu til að efla og styrkja þetta gagnmerka félag. Þá kvíði ég ekki framtíðinni fyrir hönd Póstmannafélags Íslands,“ segir Puríður Einarsdóttir formaður að síðustu.



Hentug störf fyrir ungar húsmæður

Póststofan í Reykjavík óskar eftir stúlkum á aldrinum 18—40 ára til starfa við bréfaútburð.

Vinnutími er 3—4 klst. á dag fyrir eða eftir hádegi.

Mánaðarlaun kr. 4000.00.

Hver stúlka fær afmarkað starfssvæði sem næst heimili sínu.

Nánari upplýsingar í skrifstofu minni Pósthússtr. 5.

**PÓSTMEISTARINN
Í REYKJAVÍK.**



Auglýsingin góða frá Póstmeistarinum í Reykjavík árið 1963.

„Hentug störf fyrir ungar húsmæður“

Það var í september árið 1963 að Póstmeistarinn í Reykjavík auglýsti í blöðum eftir ungum konum til þess að starfa við bréfaútburð. Fram að því höfðu aðeins karlmenn borið út póst í Reykjavík á veturna. Í auglýsingunni, sem sérstaklega var beint til kvenna á aldrinum 18-40 ára, var tekið fram að bréfaútburður væri hentugt starf fyrir ungar húsmæður. Á sjöunda áratugnum var íslenskt samfélag að ganga í gegnum miklar breytingar. Giftar konur voru yfirleitt ekki á vinnumarkaði heldur heima að gæta bús og barna, enda litið á það sem fullt starf. Þegar auglýsingin birtist mættu margar konur til að sækja um og var þess getið í dagblöðum. Mörgum eiginmönnum brá heldur í brún að sjá konur sínar svona opinberaðar í dagblaði. Það þótti frekar lítil-lækkandi að giftar konur tækju upp

störf utan heimilis og margir álitu það sönnun þess að eiginmaðurinn væri léleg „fyrirvinna“.

Til þess að rifja upp þessa tíma voru nokkrir eldri starfsmenn Póstsins kallaðir til og hittust þeir í húsi BSRB þar sem Póstmannafélagið hefur skrifstofu sína. Mættir voru Ari Jóhannesson, Birgir Jakobsson, Hanna Lárusdóttir,



Þau hittu blaðamann að máli og rifjuðu upp gamla tíma.

Sagt frá tildrögum þess að konur voru ráðnar til bréfbærastarfa, stofnun Póstfreyjufélags Íslands árið 1967 og baráttu þeirra fyrir sameiningu við Póstmannafélagið nokkru síðar

Guðríður Magnúsdóttir, Pétur Eggertsson, Þórunn K. Jónsdóttir og Kristín Aðalheiður Óskarsdóttir. Konurnar fjórar réðu sig sem bréfbæra um miðjan sjöunda áratuginn en karlarnir voru þá starfandi póstafræðslumenn og höfðu verið í mörg ár.

Myndarkona með einn mann

Að konur bæru út póst var nær óþekkt hér á landi en þó hafði verið hreyft við hugmyndinni áður. Í Póstmannaþinginu árið 1933 skrifaði Sveinn G. Björnsson eftirfarandi: „Til fróðleiks má geta þess, að slíkt er eigi óalgengt að konur vinni að útburði pósts, t.d. í London og er þeim þá séð fyrir vetrar- og sumarfrakka, síðu herðaslá (Waterproof Cape), vetrar- og sumarhatti, stígvélum (á hverjum 7 mánuðum) og leggbjörgum (Gaiters) ef sérstaklega stendur á. Svo er þó fyrirmælt að konur geti því aðeins orðið slíkra hlunninda aðnjótandi, að störf þeirra nemi 3 klukkustundum á dag.“

Þegar fyrstu konurnar voru ráðnar árið 1963 var starfshlutfall þeirra aðeins 50% eða hálfur dagurinn. Við ráðn-

ingu áttu þær val um hvort þær ynnu fyrri hluta dagsins eða eftir hádegi. Ekki áttu þær kost á neinum þeim hlunnindum sem breskar stallsystur þeirra höfðu fengið áratugum fyrr. Ef auglýsingin er skoðuð má sjá að forsvarsmenn Póstsins hafa séð þessa nýju stétt bréfbera fyrir sér sem afar huggulegar konur á hælahaum skóm, í dragt og með hatt, eitthvað í líkingu við flugfreyjur. Þetta er einhvers konar tálsýn því öll almenn skynsemi segir að vetrarveður á Íslandi bjóða nú ekki upp á slíka búninga í útivinnu. Það má geta þess að þær konur sem unnu hjá stofnuninni höfðu alltaf verið skyldugar að ganga í pilsnum og síðbuxur alveg bannaðar. Þessir nýju kvenkyns bréfberar létu það ekki aftra sér og báru út sinn póst í síðbuxum enda töldu þær engin landslög brotin með því. Hanna Lárusdóttir segir að hún hafi verið kölluð fyrir Póstmeistara vegna þess tiltækis að vera í síðbuxum í vinnunni.

Í ódagsettum gögnum frá Póststofunni má sjá hvernig þessar konur voru vegnar og metnar þegar þær lögðu inn umsókn sína. „Konan er mjög hreinleg og prúð, gift, tveir í heimili.“ „Ógift. Röskeika kvenmaður.“ „Sæmileg, nokkuð gömul.“ Svona mætti lengi telja og nokkrar fengu umsögnina „Myndarkona.“ Einkennilegustu umsögnina fékk þessi: „Myndarkona. Á einn mann.“ Maður spyr sig hvort hin- ar hafi átt fleiri?

Meinuð innganga í Póstmannafélagið

Í upphafi voru allir kvenkyns bréfberar utan stéttarféлага þar sem lög félagsins heimiluðu ekki inngöngu nýrra féлага nema að starfshlutfall væri 100%. Þær gerðu ítrekaðar tilraunir til þess að ganga inn í Póstmannafélagið en allt kom fyrir ekki, alltaf var vísað í ákvæðið um starfshlutfall. Hópurinn sem mætti í viðtalið tekur skýrt fram að þetta hafi ekki borið nokkurn keim af kynjamisrétti því þær konur sem unnu allan daginn við póstaftgreiðslu voru í Póstmannafélaginu alveg frá upphafi vega. Í grein sem Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, síðar formaður Starfstúlknafélagsins Sóknar og alþingismaður, skrifaði í Póstmannablaðið, segist hún hafa notið jafnréttis í vinnunni. Aðalheiður var meðal fyrstu



Þessi stjórn samþykkti inngöngu póstoffreyja í Póstmannafélag Íslands, frá vinstri: Magnús Erlendsson, Sigurður Samúelsson, Birgir Jakobsson, Reynir Ármannsson, Axel Sigurðsson, Guðfredur Guðjónsson og Hrólfur Jóhannesson.

kvenna til þess að fara í bréfberastarfið og vann við það í tvo vetur. Hún segir að það hafi helst borið á kynjamisrétti þegar hún hafi farið fram á einkennisföt líkt og karlarnir.

„En ég lét mig ekki og að lokum fékk ég dragt og úlpu, saumuð af klæðskera.“ Seinna tóku póstoffreyjur þetta mál upp og börðust fyrir því að stofnunin sæi þeim fyrir hlífðarfötum í vinnu. Þær sáu sjálfar um kaup á fyrstu úlpunum sem sumum þótti ekki

sérlega góðar eða klæðilegar en þetta var spor í rétta átt. Síðar fengu þær styrk til kaupa á skjólflikum og skóm inn í kjarasamninga.

Fyrsti kjarasamningurinn

Eftir að hafa fengið neitun um inngöngu í Póstmannafélagið reyndu þær fyrir sér hjá öðrum stéttarfélagum en ekkert gekk. Meðal annars ræddu þær við ASÍ og Verkamannafélagið Dagsbrún en þáverandi formaður, Guðmundur J. Guðmundsson, taldi að þær ættu ekki heima þar innan borðs. Hann sagðist þó styðja þær heilshugar í kjarabaráttunni og ef þær færu í einhverjar aðgerðir, svo sem verkfall, myndi ekki standa á Dagsbrúnarfélögum. Hann mun hafa kallað til aðstoðar Þóri Daníelsson hjá Verkamannasambandinu. Þórir sagðist í samtali við Póstmannablaðið hafa aðstoðað þessar stéttvísu konur við gerð fyrsta kjarasamningsins.

„Ég var nýkominn til starfa hjá Verkamannasambandinu og var fengin til þessa verks af Guðmundi í Dagsbrún, sennilega vegna þess að ég hef haft tíma til þess að sinna þessu.“ Þórir segir að fyrsti samningur þeirra hafi verið samþykktur af póststjórninni en eitt ákvæði hafi valdið deilum. „Ekki man ég hvað það var en það varð að



Í upphafi voru allir kvenkyns bréfberar utan stéttarféлага þar sem lög heimiluðu ekki inngöngu nýrra féлага nema þær væru í fullu starfi.

samkomulagi að við myndum skjóta þeim ágreiningi til samgönguráðherra, æðsta yfirmanns pósthjónustunnar í landinu, sem þá var Ingólfur Jónsson á Hellu," segir Þórir. Hann bætir við að samgönguráðherra hafi skorið úr um þennan ágreining og hann muni ekki betur en að það hafi verið pósthjónunum í vil.

Pósthjónufélagið stofnað

Eftir að hafa komið að lokuðum dyrum alls staðar kom að því að kvenkyns bréfberar ákváðu að stofna sitt eigið félag. Til fundarins voru boðaðar nær 30 konur og mættu 13 af þeim til stofnfundarins árið 1967. Í fyrstu stjórn félagsins voru kjörnar þær Kolbrún Finnbogadóttir, Áslaug Sæmundsdóttir og Rebekka Bergsveinsdóttir. Frá upphafi var félagið hugsað sem vettvangur fyrir félagskonur til þess að ná fram auknum réttindum. Þessar konur höfðu nefnilega engan þann rétt sem þótti sjálfsagður hjá flestum launþegum. Félagar í Póstmannafélaginu sem unnu við hlið þessara kvenna höfðu í áruna rás fengið í sína samninga, sem ríkisstarfsmenn, umtalsverð lífeyrissjóðsréttindi, greiðslur fyrir yfirvinnu, sumarorlof í allt að 24 daga og 36 stunda vinnuviku, svo eitthvað sé upptalið. Karlkyns bréfberar í fullu starfi höfðu þessi réttindi svo konurnar í hinu nýja stéttarfélagi höfðu að nógu að keppa. Á komandi árum náðu þær að semja um öll helstu réttindi sem aðrir launþegar höfðu, allt fyrir gífurlega samheldni félagskvenna.

Hanna, Guðríður, Þórunn og Kristín Aðalheiður komu inn í félagið á fyrstu árum þess. Þær segja að félagsandinn hafi verið gífurlega sterkur og ekki hafi þurft að kvarta undan lélegri mætingu á fundina því yfirleitt hafi allar þeirra mætt. Mikil stemmning hafi ætíð verið á fundunum, félagsvitundin var sterk og fyrir utan baráttuandann hafi líka verið glatt á hjalla. Sumarferðir og kvöldskemmtanir var meðal þess sem pósthjónur tóku sér fyrir hendur. Samheldni þeirra kom líka vel í ljós þegar það kom á dagskrá að hætta pósthjónburði á laugardögum. Þær tóku sig einfaldlega til og söfnuðu undirskriftum hjá almenningi á höfuðborgarsvæðinu. Mikill meirihluti þeirra sem svörðu eða 10.940 var samþykktur kröfu þeirra



Fríður hópur pósthjónna á R-9 á árunum upp úr 1980. Þrjár starfa hjá Íslandspósti í dag.

sem varð til þess að laugardagsfrí bréfbera var í höfn árið 1973.

Valdajafnvæginu raskað

Enn voru félagskonur óánægðar með það að komast ekki inn í Póstmannafélagið með tilheyrandi réttindum og skyldum, en auk þess hafði stjórn BSRB lengi haft þá skoðun að félögin ættu að sameinast. Barátta þeirra bar loks árangur á haustmánuðum 1973. Þá var gert samkomulag milli félagsanna um að pósthjónur kæmu inn í Póstmannafélagið með fullum félagsréttindum þann 1. október 1973. Nauðsynlegar lagabreytingar voru svo gerðar á aðalfundi PFÍ í maí árið 1974. Undir þetta samkomulag, kallað júní-samkomulagið, skrifa stjórnir Póstmannafélags Íslands og Pósthjónufélags Íslands. Hanna Lárusdóttir var formaður pósthjónna á þeim tíma. „Við höfðum fengið öll réttindi sem opinberir starfsmenn en inngangan í Póstmannafélagið var viðurkenning á baráttu okkar um að kvenkyns bréfberar ættu samleið með öðrum pósthjónnum,“ segir hún.

Ef flett er í gömlum fundargerðum PFÍ frá árinu 1973 má sjá að þessi áfangi hafði alls ekki verið sjálfsagður. Á stjórnarfundi þann 25. maí árið 1973

fjallaði stjórnin um þetta mál. Einn stjórnarmanna lét bóka eftirfarandi að hann teldi sig hlynntan aðild pósthjónna að félaginu „en áður yrði að koma lagabreytingar til að koma í veg fyrir röskun á valdajafnvægi í félaginu.“

Þegar farið er yfir þennan þátt í PFÍ má álykta að þessi setning lýsi nákvæmlega því sem karlarnir settu fyrir sig. Þeir voru einfaldlega hræddir um „röskun á valdajafnvægi“ og að konum myndi fjölga svo í starfinu að þeir myndu að lokum missa völd og áhrif. Engin önnur skýring er svo sem tiltæk því önnur félög innan BSRB höfðu á sama tíma haft að markmiði að fjölga félagsmönnum frekar en hitt, hvort sem þeir væru í hálfu eða heilu starfi. Þegar Póstmannafélagið var stofnað fyrir 85 árum voru stofnfélagar 11, þar af tvær konur sem voru í fullu starfi. Árið 1960 eru félagsmenn 145, þar af konur aðeins 15 talsins. Seinni hluta síðustu aldar snerist þetta alveg við og á 80 ára afmælinu árið 1999 eru félagar 1.110 talsins, konur eru þá 889 en karlar 221. Þrír síðustu formenn PFÍ hafa verið konur. Valdajafnvæginu hefur svo sannarlega verið raskað!



Félagar í Póstmannafélagi Íslands eiga kost á styrkjum til að sækja ýmis námskeið.

Spennandi námskeið

Breyttar úthlutunarreglur starfsmenntunarsjóðs PFÍ auka möguleika félagsmanna á að sækja hvers konar spennandi námskeið sem víða eru í boði

Stjórn starfsmenntunarsjóðs PFÍ breytti úthlutunarreglum um síðustu áramót vegna góðrar stöðu sjóðsins. Íslandspóstur greiðir 0.22% framlag af heildarlaunum hvers félagsmanns til sjóðsins og reglum sjóðsins er breytt eftir getu sjóðsins hverju sinni. Fullnýttur styrkur endurnýjast nú að ári liðnu ásamt úthlutunarárinu. Hámarksfjárhæð styrks er 60.000 kr. Fyrir tveim árum byrjaði sjóðurinn að styrkja tómsundanámskeið og eru þau styrkt um helming kostnaðar þó aldrei meir en 30.000 kr. Stjórn sjóðsins fundar u.þ.b. sex sinnum á ári. Nánari upplýsingar eru í Handbók PFÍ á bls. 76.

Við viljum benda á námskeið á vegum Nýja tölvu- og viðskiptaskólans í Kópavogi sem eru í boði fyrir starfsmenn Íslandspósts á sérkjörum ef næg þátttaka fæst. Einnig er í boði námskeið um Fjármál heimilanna. Hér bendum við á nokkur góð námskeið:

Í átt að velgengi

Ótrúlega áhrifaríkt og spennandi námskeið þar sem þátttakendur taka virkan þátt og hver og einn kynnist sjálfum sér og styrkleikum sínum á einfaldan og skemmtilegan hátt. Til að breyta lífsstíl okkar þurfum við að læra að líta innávið og hvernig taka á ákvörðun með hjartanu en ekki munninum. Námskeiðið er 9 klst. (3x3klst.). Fyrra námskeiðið verður haldið 13. - 20. apríl og það seinna frá 11. - 18. maí. Kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19:00-22:00. Námskeiðsgjald er 15.000 kr.

Menntun er skemmtun

Tölvu-frístund fyrir konur. Námskeiðið byggir á tveimur ólíkum þáttum. Annarsvegar er kynnt hlutverk tölvunnar til afþreyingar og dægrarstyttingar. Hinsvegar er lögð rík áhersla á sjálfstyrkingu, markmiðasetningu og hver galdurinn er að lifa lífinu af ástríðu. Námskeiðið er eingöngu ætlað konum. Ekki er ætlast til að tölvuþekking sé fyrir hendi. Þetta verður 7 vikna námskeið sem haldið verður strax í haust og verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Frelsi í fjármálum

Athyglisvert námskeið um fjármál heimilanna. Kennt er hvernig á að auka ráðstöfunartekjur, greiða hratt niður skuldir, fjárfesta í sparnaði o.fl. Meiri upplýsingar og skráning er á heimasíðu Fjármála heimilanna, www.fjarmalafrelsi.is. Fullt verð er 24.000 kr. en gjaldið lækkar ef þátttaka félagsmanna verður góð.

Starfsmenntunarsjóður PFÍ styrkir þessi námskeið sem og önnur samkvæmt reglum sjóðsins. Við viljum hvetja ykkur til að nýta möguleika ykkar á námsstyrk hjá starfsmennunarsjóðnum. Frekari upplýsingar eru í Handbókinni, hjá trúnaðarmönnum eða skrifstofu PFÍ í síma 525 8370.

Ný stjórn eftirlaunadeildar

Aðalfundur eftirlaunadeildar PFÍ var haldinn 1. mars sl. Í skýrslu stjórnar kom fram að blómleg starfsemi hefur verið hjá deildinni á liðnu ári, með gönguferðum, spilakvöldum, sumarferð, keilu og aðventusamkomu.

Fjórir af fráfarandi stjórnarmönnum gáfu ekki kost á sér til endurkjörs, þær Þóra Karítas Árnadóttir, sem verið hefur formaður sl. fjögur ár, Sigrún Sturludóttir, sem verið hefur varaformaður jafn lengi, Valgeir

Axelsson og Erna Jónsdóttir, sem verið hefur ritari í mörg ár.

Nýkjörna stjórn skipa: Hjördís Alda Hjartardóttir formaður, Anna Bjarnadóttir, Anna María Lárusdóttir, Birgir Jakobsson og Valgerður Magnúsdóttir. Varamenn eru Hanna Lárusdóttir og Sigurður Samúelsson.

Póstmannafélagið þakkar fráfarandi stjórnarfólki mjög gott samstarf og óskar nýkjörinni stjórn velfarnaðar með vissu um gott samstarf í framtíðinni.



KROSSGÁTA PÓSTMANNABLAÐSINS

Höfundur: Dolly Nielsen

Dolly SÓL SÓL SÓL 2474	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52	53	54	55	56	57	58	59	60	61	62	63	64	65	66	67	68	69	70	71	72	73	74	75	76	77	78	79	80	81	82	83	84	85	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97	98	99	100	101	102	103	104	105	106	107	108	109	110	111	112	113	114	115	116	117	118	119	120	121	122	123	124	125	126	127	128	129	130	131	132	133	134	135	136	137	138	139	140	141	142	143	144	145	146	147	148	149	150	151	152	153	154	155	156	157	158	159	160	161	162	163	164	165	166	167	168	169	170	171	172	173	174	175	176	177	178	179	180	181	182	183	184	185	186	187	188	189	190	191	192	193	194	195	196	197	198	199	200	201	202	203	204	205	206	207	208	209	210	211	212	213	214	215	216	217	218	219	220	221	222	223	224	225	226	227	228	229	230	231	232	233	234	235	236	237	238	239	240	241	242	243	244	245	246	247	248	249	250	251	252	253	254	255	256	257	258	259	260	261	262	263	264	265	266	267	268	269	270	271	272	273	274	275	276	277	278	279	280	281	282	283	284	285	286	287	288	289	290	291	292	293	294	295	296	297	298	299	300	301	302	303	304	305	306	307	308	309	310	311	312	313	314	315	316	317	318	319	320	321	322	323	324	325	326	327	328	329	330	331	332	333	334	335	336	337	338	339	340	341	342	343	344	345	346	347	348	349	350	351	352	353	354	355	356	357	358	359	360	361	362	363	364	365	366	367	368	369	370	371	372	373	374	375	376	377	378	379	380	381	382	383	384	385	386	387	388	389	390	391	392	393	394	395	396	397	398	399	400	401	402	403	404	405	406	407	408	409	410	411	412	413	414	415	416	417	418	419	420	421	422	423	424	425	426	427	428	429	430	431	432	433	434	435	436	437	438	439	440	441	442	443	444	445	446	447	448	449	450	451	452	453	454	455	456	457	458	459	460	461	462	463	464	465	466	467	468	469	470	471	472	473	474	475	476	477	478	479	480	481	482	483	484	485	486	487	488	489	490	491	492	493	494	495	496	497	498	499	500	501	502	503	504	505	506	507	508	509	510	511	512	513	514	515	516	517	518	519	520	521	522	523	524	525	526	527	528	529	530	531	532	533	534	535	536	537	538	539	540	541	542	543	544	545	546	547	548	549	550	551	552	553	554	555	556	557	558	559	560	561	562	563	564	565	566	567	568	569	570	571	572	573	574	575	576	577	578	579	580	581	582	583	584	585	586	587	588	589	590	591	592	593	594	595	596	597	598	599	600	601	602	603	604	605	606	607	608	609	610	611	612	613	614	615	616	617	618	619	620	621	622	623	624	625	626	627	628	629	630	631	632	633	634	635	636	637	638	639	640	641	642	643	644	645	646	647	648	649	650	651	652	653	654	655	656	657	658	659	660	661	662	663	664	665	666	667	668	669	670	671	672	673	674	675	676	677	678	679	680	681	682	683	684	685	686	687	688	689	690	691	692	693	694	695	696	697	698	699	700	701	702	703	704	705	706	707	708	709	710	711	712	713	714	715	716	717	718	719	720	721	722	723	724	725	726	727	728	729	730	731	732	733	734	735	736	737	738	739	740	741	742	743	744	745	746	747	748	749	750	751	752	753	754	755	756	757	758	759	760	761	762	763	764	765	766	767	768	769	770	771	772	773	774	775	776	777	778	779	780	781	782	783	784	785	786	787	788	789	790	791	792	793	794	795	796	797	798	799	800	801	802	803	804	805	806	807	808	809	810	811	812	813	814	815	816	817	818	819	820	821	822	823	824	825	826	827	828	829	830	831	832	833	834	835	836	837	838	839	840	841	842	843	844	845	846	847	848	849	850	851	852	853	854	855	856	857	858	859	860	861	862	863	864	865	866	867	868	869	870	871	872	873	874	875	876	877	878	879	880	881	882	883	884	885	886	887	888	889	890	891	892	893	894	895	896	897	898	899	900	901	902	903	904	905	906	907	908	909	910	911	912	913	914	915	916	917	918	919	920	921	922	923	924	925	926	927	928	929	930	931	932	933	934	935	936	937	938	939	940	941	942	943	944	945	946	947	948	949	950	951	952	953	954	955	956	957	958	959	960	961	962	963	964	965	966	967	968	969	970	971	972	973	974	975	976	977	978	979	980	981	982	983	984	985	986	987	988	989	990	991	992	993	994	995	996	997	998	999	1000
------------------------------------	---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	------

Hér má finna lausnarorðið út frá orðinu „YGLU“. Réttir bókstafir eru settir í eyðurnar samkvæmt tölustöfum sem gefnir eru og svo verða menn að finna út það sem á vantar. Góð skemmtun!

Sendið lausnarorðið á skrifstofu Póstmannafélagsins og verður dregið úr réttum lausnum. Sigurvegarinn fær að launum helgardvöl í annarri hvorri orlofsíbúð félagsins.

Vinningshafi í jólakrossgátu

Dregið var úr réttum lausnum vegna jólakrossgátu Póstmannaþlaðsins 17. febrúar sl. og kom upp nafn Guðlaugar Björnsdóttur á Egilsstöðum. Henni er óskað til hamingju en hún hlýtur í vinning helgardvöl í annarri af orlofsíbúðum Póstmannafélagsins.



85 ára saga að baki

Horft um öxl á tímamótum í sögu Póstmannafélags Íslands

Þegar Póstmannafélagið var stofnað 26. mars árið 1919 og íslensk verkafélagsshreyfing var að slíta barnsskónum, var eðlilega margt öðru vísi um að litast í þjóðfélaginu en nú. Þá voru réttindi launamanna óveruleg, kaupíð lágt og lífskjörin almennt ekki neitt til að hrópa húrra fyrir. Stofnfélagar voru 11 talsins, 2 konur og 9 karlar.

Félagsmönnum fjölgar

Þá eins og nú var launamunur á milli kynja: karlarnir höfðu 157 kr. í mánaðarlaun en konurnar aðeins 100 kr. og héldust kjörin nær óbreytt næstu 20 árin. Framan af höfðu menn föst laun á mánuði, óháð vinnutíma en árið 1923 var fyrsta reglugerðin sett sem tryggði póstmönnum greiðslu fyrir yfirvinnu. Póstmenn treystu böndin, endurskiplögðu félagið sitt árið 1932 og breyttu nafni þess í Póstmannafélag Íslands. Þetta sama ár, í ágústmánuði, hófst útgáfa Póstmannablaðsins. Smám saman fjölgaði félagsmönnum og árið 1935 voru þeir orðnir 72 talsins.

Aðild að lífeyrissjóði

Þegar póstmenn höfðu starfrækt sitt félag í hartnær aldarfjórðung náðu opinberir starfsmenn samstöðu um allsherjarsamtök og BSRB var sett á laggirnar árið 1942. Póstmannafélag Íslands var eitt stofnfélaga bandalagsins. Þessi aukna samstaða þeirra tryggði þeim verulegar kjarabætur strax ári síðar. Fleira fréttuáætlingar gerðist því árið 1944 voru sett lög á Alþingi um lífeyrissjóð sem veittu öllum opinberum starfsmönnum rétt til aðildar að sjóðnum. Fram til þess tíma höfðu einungis embættismenn átt kost á aðild að slíkum fyrirbrigðum.

Á bekk með barnakennurum

BSRB óx hratt fiskur um hrygg og árið 1945 tóku ný launalög gildi þar sem fyrst er minnst á samráð við hið nýja bandalag opinberra starfsmanna. Óðaverðbólga hafði ríkt um árabíl og þegar hér var komið sögu voru árslaun



Tekið á móti sjópósti á R-1 árið 1974. Til hægri á myndinni má kenna Ásgeir Höskuldsson póstvarðstjóra en hann var formaður PFI á árunum 1968-1971.

starfsmanna í pósthjónustunni á bilinu 4.800 kr. upp í 7.800 kr. Viðmiðunarstéttirnar eru blöndunarmenn tóbaksgerðar hins opinbera, gæslumaður plötusafns nýstofnaðs Ríkisútvarps og barnakennarar.

15 dagar í sumarfrí!

Á sjötta áratug aldarinnar miðaði baráttumálum póstmanna sem og annarra opinberra starfsmanna nokkuð áfram. Árið 1954 voru sett lög um réttindi og skyldur þeirra og náðust allmiklar réttarbætur fram. Sumarorlof var þetta árið orðið heilir 15 dagar fyrir byrjendur í starfi og 24 dagar fyrir þá sem höfðu stritað í 15 ár eða lengur. Reglugerð var sett um rétt til launa í veikindum og um fæðingarorlof. Taldist hvort tveggja til nokkurra nýmæla. Ný launalög voru svo sett árið 1955 sem leystu hin fyrstu af hólmi.

Takmarkaður samningsréttur

Allan þennan tíma höfðu opinberir starfsmenn ekki haft samningsrétt um kaup sín og kjör. Það var ekki fyrr en 1962 sem þeir fengu takmarkaðan samningsrétt og jafnframt ákveðið að gerðardómur skyldi skera úr ágreiningsmálum. Þetta ár var vinnuvika póstmanna 36 stundir. Bréfberum var skipað í 7. launaflokk með blöndunarstjóra og átappara Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en póstafréiðslumenn settir í 9. flokk með aðstoðarþvottaráðskonu Ríkisspítalanna ásamt öðru góðu fólki.

Póstfreyjufélagið stofnað

Hinn merki félagsskapur Póstfreyjufélagið var stofnað árið 1965 og barðist það fyrir sjálfsögðum réttindamálum á borð við þau að konur í þessu starfi



fengju einkennis- og hlífðarfatnað eins og karlpeningurinn hafði notið allt frá upphafi. Ári síðar gekk Hæstaréttardómur þar sem úrskurðað var um full laun í veikindum, þar með talið vaktaálag. Í miðri byltingu blómabarna árið 1968 tók Póst- og símaskólinn til starfa eftir áralanga baráttu Póstmannafélagsins fyrir aukinni starfsmenntun félagsmanna.

Konur í meirihluta

Félagar í Póstfreyjufélaginu söfnuðu árið 1973 undirskriftum hjá almenningi á höfuðborgarsvæðinu til stuðnings því að hætta pósthúsbúðum á laugardögum. Mikill meirihluti þeirra sem svörðu var samþykktur kröfu starfsmanna. Þá var í algleymingi baráttu kvenna í bréffberastétt fyrir því að fá inngöngu í Póstmannafélagið og tókst það loks árið 1974 þrátt fyrir mikla andstöðu margra þeirra sem þar voru á fleti fyrir. Þetta merka ár, þegar PFÍ heldur upp á 55 ára afmælið, er lögum félagsins breytt og félaginu skipt upp í 7 deildir. Félagar eru 469 talsins og konurnar búnar að tryggja sér meirihlutann!

Skrifstofa opnuð

Árið 1978 keypti Póstmannafélag Íslands, með stuðningi Póstmannasjóðs, 13,5% eignarhlut í Grettisgötu 89 á móti öðrum samtökum opinberra starfsmanna og ári síðar opnar félagið í fyrsta sinn eigin skrifstofu. Guðrún K. Þorbergsdóttir, síðar forsetafrú, var ráðin starfsmaður á skrifstofu og gegndi hún því starfi nær óslitið til þess er hún gerðist húsfreyja á Bessastöðum árið 1996.

Verkfall skellur á

Með starfrækslu skrifstofunnar efldist Póstmannafélag Íslands mjög og smám saman skilaði það réttarbótum og betri aðstöðu fyrir íslenska póstmenn. Styrktarsjóður póstmanna var stofnaður 1981, trúnaðarmannakerfi póstmanna var sett á laggirnar ári síðar og orlofsbúðir að Eiðum teknar í notkun árið 1983. Nóg var að gera á skrifstofunni þegar opinberir starfsmenn hlutu eldskírtnina í kjarabaráttunni í hinu sögulega verkfalli sem hófst 4. október 1984 og stóð í heilan mánuð. Eftir langar viðræður í Karphúsinu var gerður kjarasamningur með félagsmálapakka



Íslandspóstur hf. tók fljótlega að semja við aðra um hluta af þjónustunni. Þessi mynd er tekin af einni póstafréttunni í matvöruversluninni Nóatúni.

sem m.a. tryggði aðild opinberra starfsmanna að atvinnuleysistryggingum og stofnun starfsmenntunarsjóðs.

PFÍ fær samningsrétt

Einn merkasti áfanginn í sögu réttindabaráttu póstmanna náðist árið 1986 þegar lög voru sett um sjálfstæðan samningsrétt félaga opinberra starfsmanna. Þar með fékk PFÍ samningsréttinn í sínar hendur, þ.m.t. verkfallsréttinn. Póstmannafélagið gerði svo sinn fyrsta sjálfstæða kjarasamning árið 1987 en treysti jafnframt böndin við allsherjarsamtök opinberra starfsmanna og tók þátt í gerð þjóðarsáttar árið 1990 þegar aðilar vinnumarkaðarins ásamt ríkisvaldinu náðu að kveða niður verðbólguþráuginn.



Á 80 ára afmæli PFÍ voru félagsmenn 1.110 talsins: 889 konur og 221 karl.

Einkavæðingin hefst

Árið 1996 voru samþykkt lög á Alþingi um einkavæðingu Pósts og síma og ári síðar var þessari fornu þjónustustofnun almennings breytt í hlutafélag sem reyndist vera aðdragandi þess að ákveðið var að skipta þjónustunni upp í tvö sjálfstæð fyrirtæki: Landssímamann og Íslandspóst. Fyrsti sameiginlegi kjarasamningur PFÍ og Félags íslenskra símamanna við hlutafélagið var undirritaður 1997 og ári síðar var Íslandspóstur hf. stofnaður.

Öflugt á afmælisári

Þegar Póstmannafélag Íslands hélt upp á 80 ára afmælið árið 1999 eru félagsmenn orðnir 1.110 talsins, konur 889 og karlar 221. Í þjóðfélaginu var mikill uppgangur, hið kunna góðæri var gengið í garð. Því fylgdi mikil starfsmannavelta þar sem mikið var um atvinnu í landinu og margir sem vildu freista gæfunnar á nýjum vettvangi. Til marks um þetta má benda á að nú við 85 ára afmælið eru aðeins um 30% félagsmanna sem voru starfsmenn Pósts og símamálastofnunarinnar.

Þjónustan breytist

Fljótlega eftir stofnun Íslandspósts hf. markaði fyrirtækið þá stefnu að einbeita sér að flutningum á póstsendingum og vörum en draga saman í fjár-

magnsflutningum. Jafnframt voru verk-efnin, sem verið höfðu á hinum hefðbundnu póstafréiðslum, annaðhvort flutt yfir til fyrirtækjaþjónustu og í mörgum tilfellum til samstarfsaðila. Í stað hinna hefðbundnu pósthúsa með póstafréiðslumönnum og bréfberahópi sem þjónaði ákveðnu póstnúmerasvæði, hafa verið stofnaðar dreifing-
arstöðvar þar sem slegið hefur verið saman þjónustu fyrir nokkur póstnúmerasvæði. Þann fyrsta apríl nk. mun síðan Póstgíróinu, sem stofnað var 1972, verða lokað enda hafa þau verk-efni sem það hafði verið með höndum verið fengin öðrum.

Margháttað þjónusta

Þrátt fyrir þessar breytingar, bæði hvað varðar breytt rekstrarform fyrirtækisins, aðskilnað Pósts og síma, breyttar áherslur í rekstri pósthjónustunnar og mikla starfsmannaveltu, auk kröfu aðildarfélagaa ASÍ um að fá starfsmenn hlutafélagsins til sín, þá hefur Póstmannafélagið haldið sínu striki og ef eitthvað er aukið þjónustu við félagsmenn. Frá 1. janúar 1997 hefur skrifstofan séð um þjónustu vegna starfsmenntunarsjóðs, rekstur sjúkrasjóðs og auk þeirra orlofshúsa sem félagið hefur haft til umráða í mörg ár. Eru nú tvær íbúðir í eigu félagsins sem skrifstofan sér um að leigja félagsmönnum.

Leggjum ekki árar í bát!

Í launabaráttu hefðu allir viljað gera betur og erfitt að segja til um hvort ástæða lágra launa póstmanna er vegna rekstrarformsbreytinganna eða þess að við gerð kjarasamninga síðustu árin hefur verið höfðað til þess að kjarasamningar megi ekki ógna stöðugleikanum og það ætíð komið í hlut launamanna og þá jafnan hinna lægst launuðu að taka það hlutverk að sér. En þrátt fyrir oft á tíðum erfiðar breytingar sem félagsmenn Póstmannafélagsins hafa staðið frammi fyrir á undanförunum árum og blikur á lofti hvað varðar atvinnuöryggi þar sem sífellt fleiri sækja inn á verksvið póstmanna þá hafa forsvarsmenn Póstmannafélagsins ekki hyggu að leggja árar í bát heldur halda áfram baráttu fyrir bættum kjörum póstmanna og er næsta verkefni kjarasamningar sem gerðir verða á þessu ári.

Páskamatseðill Póstmannaþáðsins

Elinbjörg Kristjánsdóttir sendi lesendum þessa uppskrift

Forréttur:

Egg á salatblaði

4 harðsoðin egg
100 g rjómaostur
1 msk. sýrður rjómi
1 msk. majónes
2 dropar tabaco sósa
2 tsk. dill
salt
pipar
steinselja
kavíar
salatblöð

Takið skurnina af eggjunum og skerðið í tvennt, langsum. Raðið salatblöðum á diska, takið rauðurnar úr eggjunum og raðið hvítunum á salatblöðin. Hrærið rauðunum saman við rjómaost, sýrðan rjóma, majónes, tabaco sósu, dill, salt og pipar. Látið hræruna í sprautupoka og sprautið í hvíturnar, skreytið með rauðum/svörtum kavíar og steinselju. Berið fram vel kalt með ristuduð brauði.

Aðalréttur:

Lambalæri með apríkósufyllingu

1 lambalæri, úrbeinað.
70 g smjör
1 laukur smátt saxaður
1 tsk. karrí
100 g brauðmylsna
100 g þurrkaðar apríkósar
2 tsk. paprikuduft
salt
pipar
rósmarín
mjólk
brætt smjör

Bræðið smjör á pönnu og látið lauk og karrí krauma í smjörinu þar til laukurinn er orðinn linur. Blandið saman í mixara brauðmylsnu, apríkósum, kryddi og lauknum. Látið mjólk út í ef hræran verður of þurr. Smyrjið fyllingunni inni lærið, rúllið saman og bindið með bómullargarni. Bræðið smjör og smyrjið yfir lærið. Stráið síðan rósmarín, salti og pipar yfir. Steikið í steikarpotti við 200° C. Notið steikhitamæli.

Gráðostasósa

2 dl rjómi
70 g gráðostur
2 dl sýrður rjómi
salt
pipar
paprikuduft
sósujafnari

Hitið rjóma og ost þar til osturinn er bráðinn, bætið sýrða rjómanum ásamt kryddi í og þykkið með sósujafnara.

Blandað grænmeti

70 g smjör
1 msk. olía
1 laukur
1 rauðlaukur
1 eggaldin
2 gulrætur
1 kúrbítur
2 tómatar
2 paprikur (two liti)
nokkrir hvítlauksgeirar
salt
svartur pipar

Saxið grænmetið, hitið smjör og olíu saman á pönnu. Látið laukinn krauma í feitinni þar til hann er orðinn linur, bætið öllu öðru út í og látið krauma undir loki þar til allt er orðið mjúkt, ekki hræra mikið í.

Kartöflur

soðnar kartöflur
tómatar
rauðlaukur
rifinn ostur

Skerið allt í sneiðar. Veltið kartöflunum upp úr olíu og raðið í eldfast mót, stráið salti og pipar yfir ásamt rifnum osti. Bakað í ofni þar til osturinn er orðinn gulbrúnn.

Eftirréttur:

Rjómaostakaka

150 g brætt smjör
320 g mulið súkkulaðikex
600 g rjómaostur
½ bolli sykri
½ bolli Crème de menthe líkjör (grænn)
4 tsk. Crème de cacao líkjör
3 egg
120 gr. mjólkursúkkulaði
½ dós sýrður rjómi

Blandið saman smjöri og kexmylsnu og þrýstið í botn og upp með börmunum á móti sem er 24 cm í þvermál. Hrærið rjómaostinn þar til hann verður mjúkur, bætið sykri, eggjum, Crème de menthe og Crème de cacao saman við rjómaostinn og hellið yfir kexmylsnuna. Bakið í 40 mín við 150°C, ekki nota blástursofn. Kælið kökuna. Bræðið súkkulaði í skál yfir vatnsbaði, takið skálina af hitanum og blandið sýrða rjómanum út í. Setjið yfir kökuna og látið standa í kælikáp í nokkrar klukkustundir.



KOSTURINN VIÐ ISLENSK SUMARFÖT:
ÞAU ERU LIKA TILVALIN VETRARFÖT



Fliðspeysa fyrir stelpur
2-14 ára: 3.950 kr.

Klæddu þig vel

